

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 (Erlend verkefni)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo:

Þá er Landhelgisgæslunni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka þátt í samstarfsverkefni erlendis, enda verði slíkt verkefni ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum. Landhelgisgæslan gerir ráðherra grein fyrir verkefninu og umfangi þess ásamt hættumati.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í innanríkisráðuneytinu og er tilkomið vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar um að kveðið verði skýrar á um lagaheimild Landhelgisgæslu Íslands til þess að taka að sér verkefni erlendis, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis. frá júní 2012.

Markmið lagabreytingarinnar er að kveða skýrt á um heimild Landhelgisgæslu Íslands til að taka að sér verkefni erlendis, meðal annars í ljósi þess að umfang slíkra verkefna hefur aukist á undanförunum árum.

Í 5. grein laga um stofnunina segir nú að henni sé heimilt að gera þjónustusamninga um einstök verkefni og þegar sérstaklega standi á megi semja um ólögbundin verkefni í samráði við ráðherra. Ríkisendurskoðun benti á að nauðsynlegt væri að innanríkisráðuneytið hefði markvisst eftirlit með því að erlend verkefni Landhelgisgæslunnar verði ekki það umsvifamikil að stofnunin geti ekki sinnt hlutverki sínu hér við land í samræmi við lög og markaða stefnu.

Landhelgisgæslan hefur sinnt verkefnum erlendis frá árinu 2010 með það fyrir augum að afla tekna svo halda megi varðskipum og flugvél í rekstri á aðhaldstímum í ríkisfjármálum. Verkefnin hafa gert stofnuninni kleift að þjálfa starfsfólk, þróa þekkingu þess og afla fjár til að sinna viðhaldi á flugvél, þylum og varðskipum. Landhelgisgæslan hefur meðal annars unnið fyrir Landamærastofnun Evrópusambandsins (Frontex) og Fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópusambandsins (CFCA), í Miðjarðarhafi og við strendur Vestur-Afríku.

Í frumvarpinu er jafnramt kveðið á um að Landhelgisgæslan geri innanríkisráðherra grein fyrir umfangi erlendra verkefna hverju sinni enda verður stofnunin að geta sinnt með fullnægjandi hætti lögbundnum verkefnum á borð við eftirlit á hafsvæðinu við Ísland og

leitar- og björgunarþjónustu. Kröfur um innlent öryggis- og þjónustustig stýra því þannig í hve miklum mæli stofnunin tekur þátt í erlendum verkefnum. Landhelgisgæslan á einnig að meta þá hættu sem þátttaka í þessum verkefnum hefur í för með sér fyrir áhafnir og tækjakost. Stofnunin hefur gert slíkt áhættumat í samvinnu við embætti Ríkislögreglustjóra og einnig notið liðsinnis Rauða krossins og Landspítala vegna áhættu samfara smitsjúkdómum.

Frumvarpið miðar að því að auðvelda kerfisbundið eftirlit með starfsemi stofnunarinnar. Gera má ráð fyrir að Landhelgisgæslan taki áfram þátt í erlendum verkefnum og því er skýr lagagrundvöllur mikilvægur. Stofnunin hefur lagt áherslu á að þessi verkefni hafi ekki áhrif á þá grunnþjónustu sem henni ber að veita við löggæslu og öryggi hér við land. Að sama skapi hafa þau verið nauðsynleg til að styðja við þessa grunnþjónustu þegar Landhelgisgæslan hefur þurft að hagræða í rekstri.

Með því að kveða á um samþykki innanríkisráðherra fyrir þátttöku Landhelgisgæslunnar í erlendum verkefnum er einnig gætt að almannahagsmunum og hagsmunum þeirra sem treysta hvað mest á að stofnunin sinni lögbundnum verkefnum sínum innan íslenskrar lögsögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að Landhelgisgæslunni, með samþykki ráðherra, verði heimilt að taka þátt í samstarfsverkefnum erlendis, enda verði slíkt verkefni ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt hlutverki sínu vegna þess. Samkvæmt gildandi 2. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands er Landhelgisgæslunni heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á. Ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að Landhelgisgæslunni sé heimilt að taka að sér m.a. erlend verkefni. Hins vegar þykir rétt að styrkja lagagrundvöllinn enn frekar enda lúta starfsvið og skyldur stofnunarinnar aðallega að verkefnum á Íslandi og íslensku hafsvæði. Vísað er til almennra athugasemda til frekari skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæðið kveður á um gildistöku frumvarpsins og þarfnast ekki skýringa.